



## Umsögn miðstjórnar Ungs jafnaðarfólks

Miðstjórn Ungs jafnaðarfólks fagnar því að ný ríkisstjórn leggi áherslu á að tryggja sjálfbæran og skilvirkan ríkisrekstur með skynsömum hagræðingaraðgerðum. Þá er jákvætt að leitað sé eftir samráði við þjóðina við undirbúning þessara hagræðinga. Ríki og sveitarstjórnir hafa í gegnum tíðina ráðist í flatan niðurskurð á þjónustu sinni án samráðs við almenning sem hefur leitt til óánægju og minna trausts. Það er hughreystandi að ný ríkisstjórn leitist við að falla ekki í sama farið.

Ráðleggingar okkar í Ungu jafnaðarfólki þegar kemur að sparnaði í opinberum rekstri eru eftirfarandi:

- **Alþingi og stjórnarráð** sýni gott fordæmi og hagræði eftir bestu getu hjá sér sjálfum.
- **Aukið gagnsæi og tækninýjungar** geta komið í veg fyrir sóun fjármuna, tryggt skilvirkni í stjórnsýslu og gert þjóðinni kleift að vakta hvernig skattfé hennar er eytt.
- **Sanngjörn og skynsöm tekjuöflun** með því að loka skattglufum, hækka auðlindagjöld og hækka fjármagnstekjuskatt upp í 25%.

Hagræðing og sparnaður mega þó ekki verða að bláköldum niðurskurði. Ríkisstjórn sem leidd er af Samfylkingunni á að vernda og styrkja opinberu velferðarkerfin. Að fjárfesta í menntun og heilbrigði þjóðarinnar skilar sér alltaf.

Í þessu ljósi leggjum við áherslu á forgangsröðun fjármuna í þágu þeirra málaflokka sem eru grunnþjónusta fyrir almenning, sérstaklega:

- **Opinbert menntakerfi** – Auka fjárfestingu til að efla framtíðarhæfni samfélagsins.
- **Opinbert heilbrigðiskerfi** – Tryggja nauðsynlegan stuðning við heilbrigðisþjónustu, með áherslu á gæði og aðgengi.
- **Almannatryggingakerfi** – Styrkja almannatryggingar og félagslegt öryggi fyrir viðkvæma hópa.

Ungt jafnaðarfólk vill sérstaklega undirstrika mikilvægi þess að hagræðing í ríkisrekstri verði ekki á kostnað málaflokka barna og ungmenna, sem eru framtíð þjóðarinnar. Við teljum að fjárveitingar til þessara málaflokka eigi að vera í forgangi með það að leiðarljósi að hagræðing bitni ekki á þeim sem mest þurfa á opinberri þjónustu að halda.

Fyrir hönd miðstjórnar Ungs jafnaðarfólks,

*Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir*